

27. apríl 2016

Elkem Ísland ehf
Grundartanga
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 26. apríl 2016

UST201508-127/E.D.K.

08.07.02

Úrbótaáætlun samþykkt – frestir veittir

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 8. mars 2016 þar sem fjallað er um þrjú frávík frá starfsleyfi Elkem Ísland ehf. sem komu fram við eftirlit, en í umræddu bréfi voru veittir úrbótafrestir vegna tveggja þeirra og áminnt vegna eins.

Staða frávikanna er eftirfarandi:

- 1. Mánaðarlega er rykmagn metið útfrá framleiðslu þess mánaðar. Ekki eru gerðar mælingar eða útreikningar mánaðarlega til að ganga úr skugga um að mánaðarmeðaltöl fari ekki yfir starfsleyfismörk. Frávík frá gr. 2.5 í starfsleyfi.**

Þann 4. apríl sl. barst Umhverfisstofnun greinargerð um mat á rykmagni frá reykahreinsivirkjum fyrirtækisins. Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við greinargerðina í tölvupósti þann 11. apríl sl. Í athugasemdunum kemur m.a. fram að Umhverfisstofnun samþykkir áætlun rekstraraðila um að auka tíðni mælinga í tvær mælingar á ári úr aftöppunarreykháfum, þakháfum og þakopum. Í tölvupósti til rekstraraðila þann 12. apríl sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir betri greiningu á loftflæði þegar poki er rifinn. Þá vill Umhverfisstofnun einnig benda á það að taka þarf fram í mæliáætlun tíðni efnagreininga í hráefni m.t.t. brennisteinsinnihalds. Umhverfisstofnun lítur svo á að frávikið sé enn til staðar þar til mæliáætlun rekstraraðila endurspeglar þær breytingar á mælingum sem Umhverfisstofnun og rekstraraðili hafa nú sammælt um. Umhverfisstofnun fer einnig fram á að stutt greinargerð fylgi með mæliáætluninni um mat á rykmagni frá reykahreinsivirkjum, til að tryggja sameiginlegan skilning þeirra aðila sem málið varðar, þ.e. rekstraraðila, stjórnvalda og almennings. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 18. maí nk. til að skila inn uppfærðri mæliáætlun og greinargerð.

Í samhengi við umrætt frávík, þá vill Umhverfisstofnun vekja athygli á BAT skýrslu sem er nú í lokadrögum. Þar er fjallað um aðferð við að meta ryk frá ferlum á útsvæðum, s.s. löndun, mótun og fleira, sem hlutfall af hráefnismagni. Umhverfisstofnun mun fara fram á að þessi aðferð verði notuð við mat á ryklosun þegar þetta nýja BAT hefur tekið gildi.

- 2. Ársskýrslu eða yfirliti yfir greinar 1.4-1.6, 3.1, 3.2, 3.4, 4.1,4.3-4.5, 5.1 og 5.2 í starfsleyfi var ekki skilað fyrir samráðsfund. Frávík frá gr. 4.9 í starfsleyfi.**


Ársskýrslan barst Umhverfisstofnun 11. apríl sl. og aftur með minniháttar leiðréttingu þann 13. apríl sl. Umhverfisstofnun fagnar því að þessum áfanga hafi verið náð og metur ársskýrsluna þó ekki að öllu leyti fullnægjandi. Umhverfisstofnun leggur til að ársskýrslan fyrir 2015, sem nú hefur verið skilað, fái að standa óbreytt, en fer fram á að rekstraraðili bæti inn þeim atriðum

sem upp á vantar í skýrslu þessa árs og veitir frest til 1. mars 2017 til að skila henni. Þau atriði sem þarf að bæta eru tvö:


- a. Skýrslan þarf að endurspegla þær breytingar á rykmælingum sem gerðar verða sbr. frávik 1 í þessu bréfi
 - b. Mánaðarmeðaltöl brennisteinsdíoxíðslosunar í núverandi skýrslu eru byggð á árlegu meðaltali úr efnagreiningum brennisteins í hráefni. Rekstraraðili fær efnagreiningar úr hverjum farmi og á að geta byggt mánaðarmeðaltölum á þeim gögnum. Umhverfisstofnun fer fram á að það verði gert svo stofnunin geti fylgst með hvort kröfum um mánaðarmeðaltal séu uppfylltar sbr. gr. 2.5 í starfsleyfi.
- 3. Útblástursmælingar. Ekki hafa verið gerðar útblástursmælingar í afsogsbúnaði frá aftöppun á ofni 3 (Samúel) og ekki er vitað hvort hann virki sem skyldi. Frávik frá gr. 1.3 og 2.4 í starfsleyfi.**

Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 1. júní 2016 til að klára mælingar og koma með tímasetta tillögu að framkvæmd útbóta, sbr. bréf Umhverfisstofnunar dags. 8. mars sl.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri

Virðingarfyllst


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur